



Hvað er vitað um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki?

**Málstofa á Grand hóteli
Reykjavík, 24. nóvember, 2014**

**Rannveig Traustadóttir
Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir**



Ofbeldi – Hvað er vitað? Hvað segja rannsóknir?

Yfirlit

- Skilgreiningar á fötluðu fólki og á ofbeldi
- Erlendar rannsóknir á ofbeldi gegn fötluðu fólki
- Hvaða hópar fatlaðs fólks eru helst beittir ofbeldi?
- Afleiðingar ofbeldis
- Aðgengi að stuðningsúrræðum
- Andvaraleysi
- Alþjóðastofnanir – fyrirbyggjandi aðgerðir
- Tvær nýjar íslenskar rannsóknir – helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta



Hvaða fólk er „fatlað fólk“?

- **Mannréttindasáttmáli SP um réttindi fatlaðs fólks (2006) skilgreinir fatlað fólk:**

„Til fatlaðs fólks teljast meðal annars þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmis konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.“

- Fatlað fólk er hluti af mannlegum margbreytileika – ekki afbrigðileg frávik
- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) telur að 15% fólks í heiminum sé fatlað



Hvað er ofbeldi?

- Mismunandi hvernig ofbeldi og misnotkun eru skilgreind
- Helstu tegundir ofbeldis eru:
 - Kynferðisofbeldi
 - Líkamlegt ofbeldi
 - Andlegt/ tilfinningalegt ofbeldi
 - Fjárhagslegt ofbeldi
 - Kerfismisnotkun og stofnanaofbeldi
 - Lagaleg þvingun
- Algengt er að ólíkar tegundir ofbeldis fari saman, t.d. fara tilfinningalegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi oft saman



Hvað er ofbeldi?

- **Skilgreining EDF (European Disability Forum) (2009) á ofbeldi:**

„Ofbeldi felst m.a. í valdbeitingu þar sem beitt er líkamlegu afli, lagalegri þvingun, fjárhagslegri þvingun, ógnandi hegðun, sálrænni þvingun og að ráðskast er með fólk, blekkingum beitt og röngum upplýsingum og þar sem skortur á frjálsu og upplýstu samþykki er mikilvægur þáttur.

Ofbeldi getur falist í aðgerðarleysi jafnt og beinum aðgerðum sem skaða líkamlegt og andlegt ástand manneskjunnar.“



Hvað segja erlendar rannsóknir um ofbeldi gegn fötluðu fólki?

- Rannsóknir sem beinast að báðum kynjum sýna að fatlaðar konur eru mun oftar beittar ofbeldi en fatlaðir karlar
 - **Dæmi:** Bresk rannsókn á kynferðisofbeldi gegn **fólki með proskahömlun** sýndi að **61% kvenna** og **25% karla** sem tóku þátt í rannsókninni höfðu verið beitt slíku ofbeldi
- Flestar rannsóknir beinast að fötluðum konum og börnum
- Fáar rannsóknir sem beinast að fötluðum körlum
- Allar rannsóknir sýna að mun algengara er að fatlað fólk (börn, konur og karlar) sé beitt ofbeldi en ófatlað
- Gerendur eru oftast karlar – m.a. fjölskyldumeðlimir og umönnunaraðilar eða aðrir starfsmenn þjónustuúrræða



Ofbeldi gegn fötluðum konum (1)

- Flestar rannsóknir beinast að fötluðum konum og börnum
 - **Fatlaðar konur** eru allt að **10 sinnum líklegri** til að vera beittar líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu fjölskyldumeðlims eða umönnunaraðila en ófatlaðar konur (Evrópuþingið 2013)
 - **Næstum 80% fatlaðra kvenna** hafa verið beittar andlegu og líkamlegu ofbeldi (Skýrsla Evrópuþingsins um ofbeldi 2006).
 - Margar rannsóknir beinast að fleiri en einni tegund ofbeldis



Ofbeldi gegn fötluðum konum (2)

- Ofbeldi gegn fötluðum konum **varir lengur** en ofbeldi gegn ófötluðum konum
- Rannsóknir frá Evrópu, Kanada, USA og Ástralíu sýna:
 - að **meira en helmingur fatlaðra kvenna** hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi samanborið við **priðjung ófatlaðra kvenna**

(Skýrsla SP um ofbeldi gegn konum frá 2006)



Ofbeldi gegn fötluðum konum (3)

- **Fötlun kvenna getur verið ástæða ofbeldis**
- **Ofbeldið getur leitt til skerðingar og fötlunar**
- **Fatlaðar konur verða fyrir „hefðbundnu“ ofbeldi:**
 - svo sem líkamlegu, andlegu/tilfinningalegu og kynferðisofbeldi
- **Að auki verða fatlaðar konur fyrir ofbeldi sem tengist skerðingu þeirra:**
 - lyfjum og læknishjálp er haldi frá þeim, þeim neitað um hjálpartæki (s.s. hjólastól eða hækjur), aðgengi hindrað að tækjum til tjáningar og samskipta, aðstoð og umönnun er hindruð, meðferð er þvinguð, eru valdalausar innan þjónustuúrræða, háðar umönnun annarra (jafnvel ofbeldismannsins) o.s.frv.
 - þvingaðar ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar



Til samanburðar: Ofbeldi í nánum samböndum og kynferðisofbeldi gegn ófötluðum konum (WHO 2013)

- Rannsóknir í Evrópu gefa til kynna að u.þ.b. **1 af hverjum 3 til 5 konum** verði fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi í nánum samböndum
- WHO telur að **1 af hverjum 3** konum í heiminum verði fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi
- Mismunandi milli svæða:
 - Minnst í Evrópu – rúm 25%
 - Mest í Suðaustur Asíu – tæp 40%



Ofbeldi gegn fötluðum börnum

- Rannsóknir frá Evrópu og Norður Ameríku telja að fötluð börn séu **2 – 3 sinnum líklegri** til að vera beitt kynferðisofbeldi en ófötluð börn
- Sumar rannsóknir sýna að **meira en helmingur** fatlaðra barna hafi verið beitt kynferðisofbeldi
- Sumar rannsóknir sýna mjög háa tíðni meðal heyrnarlausra barna – bæði drengja og stúlkna
- Mikill munur er milli rannsókna – líka varðandi ofbeldi gegn ófötluðum börnum



Af hverju er svona mikill munur á niðurstöðum rannsókna á ofbeldi gegn fötluðu fólki? (1)

- Mismunandi hvernig ofbeldi er skilgreint og hvaða ofbeldi er rannsakað
- Mismunandi hvaða hópur er rannsakaður (skerðing, aldur, kyn, menningarsvæði, o.s.frv)
- Mismunandi hvort rannsóknin snýr almennt að fötluðu fólki eða fólks innan ákveðinna þjónustuúrræða, t.d. þeirra sem leggjast inn á barnaspítala, geðdeildir, búa á stofnun, sambýli eða nota önnur aðgreind úrræði



Af hverju er svona mikill munur á niðurstöðum rannsókna á ofbeldi gegn fötluðu fólki? (2)

- Margar rannsóknir eru smáar í sniðum og staðbundnar – nærsamfélag og menning getur því haft áhrif
- Mismunandi rannsóknaraðferðir gefa mismunandi niðurstöður
- Því fjær fötluðu fólki sem þátttakendur eru (t.d. stjórnendur þjónustukerfa eða úrræða) – því lægri er tíðni ofbeldis
- Þegar fatlað fólk sjálft er spurt er tíðni ofbeldis hæst
- Ekki er unnt að alhæfa út frá þeim rannsóknum sem eru fyrirliggjandi



Ofbeldi gegn fullorðnu fötluðu fólki (grein í Lancet 2012 – samstarf WHO og fræðimanna)

- Yfirlitsgrein – byggir á fjölda rannsókna (mjög ströng skilyrði um hvað var tekið með)
- Niðurstöður (afar varlega áætlaðar) sýna að fatlað fólk er **1.5 sinnum líklegra** að verða fyrir ofbeldi en ófatlað fólk
 - Fólk með geðræna erfiðleika er í mestri áhættu á að vera beitt ofbeldi – **nærri fjórum sinnum líklegra** en ófatlað fólk (í nánnum samböndum, kynferðisofbeldi og líkamlegt ofbeldi)
 - **Mikill munur** var á niðurstöðum ólíkra rannsókna
 - **Mikil þörf á vönduðum rannsóknum** – alvarleg göt í þekkingu
 - WHO telur mikla þörf á **viðbrögðum og fyrirbyggjandi aðgerðum**



Ofbeldi gegn fötluðum börnum (grein í Lancet 2012 – samstarf WHO og fræðimanna)

- Yfirlitsgrein – byggir á fjölda rannsókna (ströng skilyrði um hvað var tekið með)
- Niðurstöður (afar varlega áætlaðar) sýna að fötluð börn eru
 - **3.7 sinnum líklegri** að vera beitt líkamlegu ofbeldi en ófötluð börn
 - **2.9 sinnum líklegra** að vera beitt kynferðisofbeldi (öll fötluð börn)
 - börn með geðræna erfiðleika og þroskahömlun eru **4.6 sinnum líklegri** til að vera beitt kynferðisofbeldi en ófötluð börn
 - **Mikill munur** var á niðurstöðum ólíkra rannsókna
 - **Mikil þörf á frekari rannsóknum** – göt eru í þekkingu
 - WHO lítur á þetta sem afar alvarlegt vandamál og **kallar eftir viðbrögðum og fyrirbyggjandi aðgerðum**



Hvaða hópar fatlaðs fólks eru í mestri áhættu að vera beittir ofbeldi?

- Ólíkir hópar deila sömu áhættupáttum s.s. fjárhagslerfiðleikum, félagslegri einangrun, að vera háð aðstoða annara, hafa lágt sjálfsmat, búa við valdaleyfi og slæma félagslega stöðu
- Flestar rannsóknir sýna að **fólk með geðræna erfiðleika og fólk með proskahömlun** sé í mestri áhættu
- Fólk með samþættar skerðingar er í aukinni áhættu
- Fólk sem er í aðgreindum þjónustuúrræðum/ svæðum (stofnunum, sambýlum, sérskólum, ferðaþjónustu, ...) er í sérstakri áhættu
- Konur eru í meiri áhættu en karlar
- Börn og ungmenni eru í sérstökum áhættuhóp
- Þarf frekari rannsóknir á áhættu ólíkra hópa



Aðgengi fatlaðra kvenna að stuðningsúrræðum

- Á sama tíma og fatlaðar konur eru í margfalt meiri áhættu að vera beittar ofbeldi eiga þær **mun erfiðari aðgang** að upplýsingum og stuðningi til að forðast ofbeldi og ofbeldisfull sambönd – og stuðningi til að takast á við afleiðingar ofbeldis.
- **Helstu ástæður:**
 - óaðgengileg stuðnings- og þjónustuúrræði, óaðgengilegt fræðsluefni, skortur á aðgengi að óhefðbundnum tjáningarleiðum
 - staðalmyndir sem álíta fatlaðar konur ekki kynverur, líf þeirra lítils virði, þær ekki að fullu mannlegar, viðföng góðgerðar og vorkunnar, o.s.frv...
 - fötluðum konum er ekki trúað þegar þær segja frá ofbeldi eða misnotkun, eða að umönnunaraðilar/starfsmenn þjónustunnar eru gerendur



Afleiðingar ofbeldis gegn fötluðum konum

- Ofbeldi veldur líkamlegum áverkum og tilfinningalegum og sálrænum erfiðleikum
- Dæmi um afleiðingar ofbeldis:
 - Ótti um eigið öryggi og öryggi barnanna
 - Viðvarandi tilfinningalegir og geðrænir erfiðleikar s.s. lágt sjálfsmat, skömm, þunglyndi, kvíði
 - Viðvarandi líkamlegt heilsuleysi
 - Reiði, samviskubit, niðurlæging, hjálparleysi
 - Einangrun og örvænting
 - Sífelld á verði, undirgefin, breiða yfir vandann, koma með afsakanir, ...
 - Atvinnumissir
 - Og margt fleira ...



Andvaraleysi og skortur á fyrirbyggjandi aðgerðum varðandi ofbeldi gegn fötluðu fólki

- Þrátt fyrir að **allar rannsóknir** sýni að ofbeldi gegn fötluðu fólki sé mun meira en gegn ófötluðu fólki þá virðast flestir líta fram hjá þessari staðreynd
- Rannsóknir sýna að ofbeldi gegn fötluðu fólki – börnum, konum og körlum – er yfirleitt **ekki kært og ekki tilkynnt** til barnaverndar, lögreglu eða annarra yfirvalda
- Fötluðu fólki **er ekki trúað** þegar það segir frá ofbeldinu
- Þrátt fyrir að allar rannsóknir sýni að fatlað fólk sé í meiri áhættu en ófatlað að vera beitt ofbeldi skortir verulega á aðgerðir til að fyrirbyggja ofbeldið og veita brotapolum stuðning og aðgang að réttlæti
- **Ofbeldi er glæpur og mannréttindabrot**



Fyrirbyggjandi aðgerðir – nokkur af þeim atriðum sem alþjóðastofnanir benda á

- Hafa fatlaðar konur með í þróun og framkvæmd fyrirbyggjandi aðgerða
- Byggja á bestu fáanlegu reynslu og þekkingu meðal annars á rannsóknum á þeim fyrirbyggjandi úrræðum sem gagnast hafa best
- Samstarf stuðningsúrræða og samtaka fatlaðs fólk
- Átta sig á að úrræði fyrir ófatlaðar konur henta ekki endilega fötluðum konum
- Mikilvægt að rannaska ofbeldi sem tengist skerðingum beint
- Vitundarvakning og fræðsla til þeirra sem vinna með fötluðu fólk um einkenni ofbeldis og afleiðingar ofbeldis



Nokkrar alþjóðaskýrslur sem byggt er á

- European Disability Forum (2011). *2nd Manifesto on the Rights of Women and Girls with Disabilities in the European Union: A toolkit for Activists and Policymakers*. http://www.edf-feph.org/Page_Generale.asp?DocID=13855&thebloc=32058
- European Parliament (2013). *Discrimination Generated by the Intersection of Gender and Disability*. Brussels: European Union
- United Nations (2013). *Report of the Special Rapporteur on Violence Against women, its Causes and Consequences*. Report to the General Assembly. A/HRC/23/49
- World Health Organization (2011). *World Report on Disability*. http://www.who.int/disabilities/world_report/2011/report/en/
- World Health Organization (2013). *Responding to intimate partner violence and sexual violence against women*. http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/85240/1/9789241548595_en.pdf



Tvær nýjar íslenskar rannsóknir um ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi að stuðningi

1. Ofbeldi gegn fötluðum konum: Rannsókn unnin fyrir Velferðarráðuneytið (2013)

Byggir á viðtölum við 13 fatlaðar konur um ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Skýrslan er á heimasíðu Velferðarráðuneytis og Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum.

2. Evrópurannsókn styrkt af Daphne áætluninni (2013-2015)

Access to specialised victim support services for women with disabilities who have experienced violence



Access to specialised victim support services for women with disabilities who have experienced violence

- **Samstarfsaðilar:**
 - **Austurríki**
 - Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights
 - Ninlil, Association for empowerment and counseling for women with disabilities
 - Querum, cultural and social research
 - **England**
 - The University of Leeds
 - The University of Glasgow
 - **Þýskaland**
 - University Gießen
 - **Ísland**
 - Háskóli Íslands
- **Áhersla á samstarf við fatlaðar konur**



Evrópurannsóknin beindist að tveimur sviðum: fötluðum konum og stuðningsúrræðum

Þátttakendur á Íslandi (og alls)

1. Fatlaðar konur

- Eigindleg viðtöl við fatlaðar konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi (ísl. 13) (alls 59)
- Rýnihópar með fötluðum konum (ísl. 16) (alls um 100)

2. Stuðningsúrræði

- Spurningalistakönnun meðal starfsfólks sem starfar í stuðningi við brotapolá / fatlað fólk (alls 602 úrræði)
- Eigindleg viðtöl við starfsfólk sem starfar í stuðningi við brotapolá / fatlað fólk (alls 54 viðtöl)



Nokkrar niðurstöður úr rýnihópum og viðtölum við fatlaðar konur (1)

- Ofbeldi gegn fötluðum konum dulið
- Fatlaðar konur verða fyrir margs konar ofbeldi svo sem líkamlegu, tilfinningalegu, kynferðisofbeldi, og stofnanaofbeldi
- Kynferðisofbeldi er meðal algengustu tegundar ofbeldis sem konurnar sögðu frá
- Ofbeldið á sér stað mjög víða – oft á heimilum þeirra
- Fötluðum konum er ekki trúað
- Eru oft háðar umhverfinu og ofbeldismanninum
- Ofbeldi gegn fötluðum konum getur verið mjög langvarandi og hefst oft í barnæsku



Nokkrar niðurstöður úr rýnihópum og viðtölum við fatlaðar konur (2)

- Almennt lítil skilningur og þekking á ofbeldi gegn fötluðum konum
- Stuðningsúrræði ætluð brotapolum oft ekki í stakk búin til að mæta þörfum fatlaðra kvenna, aðgengi ábótavant og lítil þekking á stöðu fatlaðra kvenna
- Ofbeldi nátengt samfélagslegri stöðu fatlaðra kvenna
- Persónulegt tengslanet sem styður konurnar skiptir miklu máli
- Gerendur eru oft tengdir brotapol, í barnæsku eru þeir oft innan fjölskyldunnar



Mikið af gagnlegum niðurstöðum úr Evrópurannsókninni (1)

- **Leiðbeiningar um hvernig hægt er að byggja upp og meta „bestu starfshætti“ í stuðningsþjónustu.**
- Tvenns konar:
 - **Grundvallaratriði sem þarf að hafa í huga**
(s.s. mannréttindi, félagslegur skilningur á fötlun, hlusta á fatlaðar konur, virða sjálfsvörðunarrétt, trúnaður, og margt fleira)
 - **Leiðbeiningar og viðmið um „góða starfshætti“ í stuðningsþjónustu.** Gagnast sem viðmið um uppbyggingu og þróun þjónustu, – og við mat á stuðningsþjónustu
(s.s. aðgengi, þekking, og margt fleira...)



Mikið af gagnlegum niðurstöðum úr Evrópurannsókninni (2)

- **Aðgengi að réttlæti**
 - Leiðbeinandi viðmið um „góða starfshætti“
 - Fyrir þá sem veita sérhæfða stuðningsþjónustu
 - Almenn viðmið um góða starfshætti fyrir aðgang fatlaðra kvenna að réttlæti og réttlátri málsmeðferð



Mikið af gagnlegum niðurstöðum úr Evrópurannsókninni (3)

- **Tillögur til um úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir á fjölmörgum sviðum:**
 - Tillögur að stefnumótun fyrir Evrópusambandið
 - Tillögur fyrir innlenda stefnumótun
 - Tillögur sem snúa að þjónustuúrræðum/ stofnunum fyrir fatlað fólk
 - Tillögur fyrir sérhæfða stuðningsþjónustu fyrir brotapolá
 - Tillögur fyrir samtök fatlaðs fólks
- Allar þessar tillögur eru ýtarlegar og í mörgum liðum



Mikið af gagnlegum niðurstöðum úr Evrópurannsókninni (3)

Útgáfa

- **Skýrslur, viðmið, tillögur, bæklingar og dreifildi**
 - Hluti af þessu efni verður þýtt á íslensku og gefið út á ýmsu formi til að gera það sem aðgengilegast
 - Allt efnið verður á vefnum, bæði skýrslur á ensku og íslenskt efni
- **Efni frá rannsókninni verður tilbúið til útgáfu í janúar 2015**



Mikið af gagnlegum niðurstöðum úr Evrópurannsókninni (4)

Skýrslur – sem verða gefnar út

1. Lagaumhverfi og stefnumótun

í hverju landi og samþættingar-skýrsla

2. Helstu niðurstöður

frá hverju landi (á máli hvers lands) og samþættingar

3. Dæmi um „bestu starfshætti“ (og leiðbeiningar)

frá hverju landi og samþættingar-skýrsla

4. Lokaskýrsla (stutt) með helstu niðurstöðum

á ensku og þýdd á öll tungumál



Niðurlag

- Fatlað fólk (börn, konur og karlar) er í mun meiri áhættu en ófatlað að verða fyrir ofbeldi – líka á Íslandi
- Alþjóðlega er mikið samræmi í helstu niðurstöðum rannsókna um ofbeldi og varðandi tillögur um fyrirbyggjandi úrræði og úrbætur í stuðningi við fatlað fólk (þmt aðgang að réttlæti) – á líka við um íslenskar rannsóknir. **Það er vitað hvað þarf að gera.**
- Eitt mikilvægasta atriðið er að fatlaðar konur séu virkir þátttakandur og ráðandi í öllu sem varðar fyrirbyggjandi aðgerðir, uppbyggingu úrræða og veitingu þjónustu og stuðnings



**Rannveig Traustadóttir, prófessor og forstöðumaður
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum**

**Félagsvísindasvið
Háskóli Íslands**

rannvt@hi.is

<http://www.fotlunarfraedi.hi.is>